



Fundargerð

1242. fundur bæjarráðs Reykjaneshæjar, haldinn að Tjarnargötu 12
31. október 2019, kl. 08:00

Viðstaddir:

Friðjón Einarsson formaður, Guðbrandur Einarsson, Jóhann Friðrik Friðriksson, Margrét Ólöf A. Sanders, Jasmina Crnac, Gunnar Felix Rúnarsson áheyrnarfulltrúi, Kjartan Már Kjartansson bæjarstjóri og Hrefna Gunnarsdóttir ritari.

* * *

1. Ályktun opins fundar um mengandi stóriðju í Helguvík (2019100415)

Lagt fram.

2. Bergið headspace - umsókn um styrk (2019090530)

Ekki er hægt að verða við erindinu að þessu sinni.

3. Umsagnarmál frá nefndarviði Alþingis (2019050801)

a. Frumvarp til laga um breytingu á sveitarstjórnarlögum, nr. 138/2011 (íbúakosningar um einstök mál), 49. mál

<https://www.althingi.is/altext/150/s/0049.html>

b. Frumvarp til laga um stefnumótun og framtíðarskipulag náms á framhaldsskólastigi á Suðurnesjum, 127. mál

<https://www.althingi.is/altext/150/s/0127.html>

c. Frumvarp til laga um grunnskóla (ritfangakostnaður), 230. mál

<https://www.althingi.is/altext/150/s/0248.html>

Umsagnarmál lögð fram. Bæjarráð vísar frumvarpi til laga um stefnumótun og framtíðarskipulag náms á framhaldsskólastigi á Suðurnesjum til fræðslustjóra.

4. Kjaramál (2019100102)

Bæjarráð samþykkir framlagðar tillögur varðandi kjaramál sviðsstjóra og forstöðumanna og formanni falið að ganga frá málinu.

5. Ráðningarbréf endurskoðenda (2019100434)

Bæjarráð felur formanni og bæjarstjóra að undirrita ráðningarbréf kjörinna endurskoðenda ársreikninga Reykjaneshæjar.

6. Fjárhagsáætlun 2020 (2019070112)

Handwritten signatures and initials in blue ink, including a large signature at the top right and several smaller ones below it.



Regína Fanný Guðmundsdóttir, fjármálastjóri, Helgi Arnarson sviðsstjóri fræðslusviðs, Hafsteinn Ingibergsson forstöðumaður íþróttamannvirkja, Hafþór B. Birgisson íþrótt- og tómstundafulltrúi, Guðlaugur H. Sigurjónsson sviðsstjóri umhverfissviðs, Hera Ósk Einarsdóttir sviðsstjóri velferðarsviðs, Þórdís Ósk Helgadóttir, verkefnastjóri Súlunnar, Ásbjörn Jónsson, lögmaður, Unnar Steinn Bjarndal, bæjarlögmaður og Halldór K. Hermannsson hafnarstjóri, mættu á fundinn og kynntu drög að fjárhagsáætlun framkvæmdarstjórnar og hafnarstjóra fyrir árið 2020.

Meirihluti bæjarráðs, Samfylking, Framsókn og Bein leið, samþykkir framlagða tillögu um fjárhagsramma skatttekna 2020. Minnihluti bæjarráðs situr hjá, Sjálfstæðisflokkur og Frjálst afl.

Meirihluti bæjarráðs, Samfylking, Framsókn og Bein leið samþykkir tillögu að fjárhagsramma fyrir 2020. Minnihluti bæjarráðs situr hjá, Sjálfstæðisflokkur og Frjálst afl.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 13:30

Guðni Einarsson

Blasur

M. Sander

Tasman Gunde

A. Rini